

Samsýning Textílfélagsins

„Rökkursveinar“, „Í garðin-um hjá ömmu“, „Vetrarfjúk“, Sóltindar, „Móðir jörð“, „Markhúsartorg í Feneyjum“, „Spegilmynd“, „Klettaryni“ og „Steinarnýni“, eru allt nöfn á athyglisverðum myndum á sýningu Textílfélagsins í Listaskála Alþýðu við Grensásveg (Listasafni ASÍ). Sýningin hefur staðið yfir undanfarnar vikur en mun ljúka nú um helgina verði henni ekki framlengt, sem væri eðlilegastur gangur mála. — Hér er nefnilega á ferðinni ein hin athyglisverðasta sýning, sem lengi hefur sést í höfuðborginni. Athyglisverð fyrir það, hve hér er um vönduð vinnubrögð að

ræða, hér er hver hlutur öðrum betri og vandaðri. Hér er ekki hægt að nota orð svo sem nóstursemi, heldur öllu fremur eðlilega fágun og yndispökka. Ég átti ekki von á jafn vandaðri sýningu þótt ég gengi að því visu, að fagrir hlutir yrðu innan um, svo sem jafnan á slíkum samsýningum. Þá er hér á ferðinni, það sem við Íslendingar eigum einmitt að leggja sem mesta rækt við, en það er að hanna það og móta, sem við höfum sjálfir á milli handanna, sem er ullinn og þráðurinn er frá henni kemur, loks vefurinn og síðast en ekki síst, þróaðar innlendar hugmyndir um form, lit og útfærslu.

— Það voru, svo sem við vitum, einmitt konurnar, sem héldu uppi merki íslenzkrar myndlistar um aldir með vefnaði sínum og hannyrðum og þannig glataði þjóðin aldrei sinni myndrænu tilfinningu né arfleifðinni frá miðöldum. Því var það eðlilegt og sjálfsagt, að er Íslendingar hófu aftur að nema myndlist á síðustu öld, rökðuðu þeir sumir hverjir að sér æðstu viðurkenningum myndlistarskóla erlendis. Þeir, sem ílentust ytra urðu jafnvel til þess, að opna augu þarlandra fyrir nýjum gildum, svo sem Ólafur



„Ella II“ eftirínu Salóme Hallgrímsdóttur

Ólafsson í Kóingsbergi, er allir menntaðir Norðmenn kannast við.



En hins vegar urðu örlög þeirra, sem heim komu sýnu dapurlegri því að þjóðin hafði ennþá ekki meðtekið skilning á þýðingu og nytsemi myndlistar. Mér dettur þetta í hug, vegna þess að ennþá mun skilningur-

inn á þýðingu textíla ekki vera nægilegur á landinu þrátt fyrir að mjög margt hafi áunnist á síðustu árum, sem er í einu og öllu að þakka þeim atorkukonum er standa á bak við Textílfélagið. — Og þó eru ekki nema 7 ár síðan Textílfélagið var vinnu- hópur kennara og nemenda við Myndlista- og handíðaskóla Ís-

lands. Fjarri er þó að allt hafi byggst á þessum skamma tíma því að það var af ríkri arfleifð að auka og svo hafði vefnaður verið kenndur við skólann um áratuga skeið.

Það hefði þó verið erfitt að hugsa sér slíka þróun ef ekki hefði komið til stofnun tveggja ára undirbúningsdeilda (For-

„Leikur“ eftir Sigrúnu Guðmundsdóttur, en hún á einnig mjög skemmtilega telpukjóra á sýningunni, hreinasta augnayndi.



„Fjúk“ eftir Guðrúnu Marínósdóttur



VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Síðumúla 13, 105 Reykjavík, Sími 82970

Auglýsing um gildistöku nýrra lagaákvæða um hvíldartíma og frídaga:

Samkvæmt 52. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem gildi tóku hinn 1. janúar sl., skal haga vinnutíma þannig að á hverjum sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn **a.m.k. 10 klukkustunda samfellda hvíld.**

Samfelldan hvíldartíma má stytta í 8 klukkustundir þegar um er að ræða: Vaktavinnu, störf að landbúnaði, björgun verðmæta, svo sem sjávarafra, frá skemmdum.

Samkvæmt 55. gr. fyrrgreindra laga skulu starfsmenn **á hverju sjö daga tímabili fá a.m.k. einn vikulegan frídag** sem tengist beint samfelldum daglegum hvíldartíma sbr. 52. gr. Að svo miklu leyti sem því verður við komið skal vikulegur frídagur vera á sunnudegi og skulu allir þeir sem starfa í fyrirtækinu fá frí á þessum degi. Ef nauðsyn krefur má fresta vikulegum frídegil og gefa þess í stað frí síðar.

- þeim sem starfa í heilbrigðis- og vistarstofnunum eða við önnur hjúkrunar- og líknarstörf,
- þeim sem vinna við vörslu dýra og gróðurs,
- þeim sem annast framleiðslu og þjónustustörf þar sem sérstakar aðstæður gera slík frávík nauðsynleg,
- þeim sem annast þau störf sem nauðsynleg eru vegna öryggismála og varðveislu verðmæta.

Frávík má gera frá ofangreindum ákvæðum um hvíldartíma og frídaga þegar truflun verður á starfsemi vegna ytri aðstæðna eða ófyrirséðra atburða að því marki sem nauðsynlegt er til þess að koma í veg fyrir verulegt tjón þar til regluleg starfsemi kemst á að nýju.

Vinnueftirlit ríkisins getur ennfremur veitt undanþágur frá ákvæðum þessum þegar starfið er þess eðlis að ekki er unnt að stöðva starfsemi eða gera á henni hlé, ellegar sérstakir atvinnuhættir gera frávík nauðsynleg. Slík frávík má þó gera í undantekningartilvikum án þess að slíkt leyfi hafi verið fengið ef ekki hefur verið unnt að afla þess í tæka tíð. Atvinnurekandi skal tilkynna slík frávík til Vinnueftirlits ríkisins tafarlaust. Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur Vinnueftirlit ríkisins ákveðið tímabundnar undanþágur frá ákvæðum um vikulega frídaga.

Ofangreind lagaákvæði gilda ekki um sjómenn og áhafnir flugvéla.

Framkvæmd frávíka þeirra sem að ofan greinir skal vera í samræmi við samkomulag aðila vinnumarkaðarins samkvæmt 52., 53., 54., 55. og 56. gr. laga nr. 46/1980.

Reykjavík 15. apríl 1981.

Geymið auglýsinguna og festið upp á vinnustöðum.

Ver doktorsritgerð í Gautaborg

ÞORSTEINN Svörfuður Stefánsson ver doktorsritgerð sína um svæfingar, deyfingar og skurðaðgerðir á öldruðum við háskólann í Gautaborg 30. apríl.

Þorsteinn Svörfuður er fæddur á Grund í Svarfardal 1937. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1959 og læknaprófi frá Háskóla Íslands 1966. Varð hann sérfræðingur í svæfingum, deyfingum og gjörgæzlu í Svíþjóð 1973 og ári síðar á Íslandi. Jafnframt sérfræðinámi og starfi á Sahlgrenska sjúkrahúsinu í Gautaborg og Landspítalanum í Reykjavík hefur Þorsteinn stundað rannsóknir og hafa niðurstöður verið birtar í formi blaðagreina og erinda á læknaþingum víða um heim og nú síðast í áður nefndri doktorsritgerð.



Þorsteinn Svörfuður Stefánsson

Heimir syngur á Snæfellsnesi

Stykkishólmur, 26. apríl.

Karlagórinn Heimir frá Skagafirði kom hér til Stykkishólms um helgina og voru það góðir gestir. Voru þeir með hljótleika í félagsheimilinu hér á laugardagskvöld og voru þeir 37 talsins en komust ekki allir vegna anna. Dagskráin var fjölbreytt, bæði innlend og erlend lög. Karlagórinn Heimir var stofnaður 1928 af bændum í sveitinni og voru þeir 10 í upphafi en eru nú um 50 talsins og góðir söngkraftar. Var þeim líka vel tekið af þeim sem sóttu þessa söngleika.


Söngstjóri er Rögnvaldur Valbergsson, einsöngvari Jóhann Friðgeirsson og undirleikari Einar Schwaiger, en hann er frá Osló og hefir verið tónlistarkennari við tónlistarskóla í Skagafirði. Var leikur hans

þrýðilegur. Þá lék Guðbrandur Guðbrandsson á trompet.

Þetta er fyrsta söngferð kórsins um Snæfellsnes og hélt hann frá Stykkishólmi út á Hellissand þar sem hann söng á sunnudegi en síðan ætlaði hann að halda hljótleika í Borgarfirði um kvöldið.

Fréttaritari.





„Þriðja viddin“ eftir Rögnu Róbertsdóttir

Myndlist

eftir BRAGA
ÁSGEIRSSON

skóla) árið 1962, sem gerbreytti öllu námi og námsskilyrðum við skólann. Forskólinn þróaðist í átt til þess að verða hliðstæða slíks undirbúningsnáms við hinn fræga Bauhaus-skóla í Weimar. Þetta sá ég greinilega á mikilli Bauhaus-sýningu á Kastrupgård fyrir réttu ári, en það er ný sýningarastaða nálægt Kastrup í Kaupmannahöfn. Hugsunin er lá að baki var nákvæmlega sú sama í aðalatriðum þótt maður

gerði sér það ekki ljóst hér áður.

Það er nefnilega greinilegt á þessari sýningu að margar listakonurnar njóta nú góðs af forskólanáminu, sem maður var nú viss um að yrði raunin með nemendur er fram liðu stundir.

— Það, sem er mest áberandi á þessari sýningu er fjölbreytnin, hvortveggja í efni sem hugmyndum. Efniskennindina kann ég mjög vel að meta og hugmyndirnar einnig, þótt auðséð sé að enn gætir mikilla erlendra áhrifa sem er í hæsta máta eðlilegt — en konurnar eru sem óðast að vinna úr þeim og virkja í eigin þágu og persónulegrar myndhugsunar.

Sýningin er í það háum gæðaflokki, að það yrði langt mál að telja upp allt það er hreif mig og vafalítið yrðu þá ýmsar útundan, sem fyllilega eiga skilið að komast einnig á blað og ekki vil ég kalla yfir mig reiði kvenna...

Félagið hefur í tilefni sýningarinnar gefið út vandaða sýningarskrá og þeim er hér ritar er það mikið undrunarefni hvernig slíkt má vera hægt í ljósi þess hve fámennur hópurinn er. Þetta er sama hugmynd og reynt hefur verið að knýja fram innan stærsta myndlistarfélags landsins í a.m.k. 15. ár, án árangurs.

En hér er það aðalatriðið að fólk fjölmenni á þessa sýningu til að kynnast því af sjón og raun, sem hér er að gerast og vil ég að lokum skora á viðkomandi að framlengja sýningunni um eina viku a.m.k.


Svo er að þakka fyrir sig og óska hinum atorkusömu valkyrjum velfarnaðar í framtíðinni. Þær lifi!

BÍLAR OG ÍBÚÐIR

HAPPDRAETTI

DAS

1981-82



FJÖLGUN OG STÓRHÆKKUN VINNINGA

100 bílar og 10 íbúðir eru meðal vinninga, þar af eru 2 valdir bílar: Peugeot 505 í maí og American Eagle í desember. 1 íbúðavinningur á 250.000.- og 9 íbúðarvinningar á 150.000.-. Aðalvinningar ársins eru húseign að eigin vali fyrir 700.000.- krónur og

sumarbústaður að verðmæti 350.000.- krónur.

Auk þess 300 utanferðir og hátt á sjöunda þúsund húsbúnaðarvinningar. Sala á lausum miðum og endurnýjun flokksmiða og ársmiða stendur yfir.

Miði er möguleiki

das



BÚUM ÖLDRUÐUM ÁHYGGJULAUST ÆVIKVÖLD

Morgunblaðið

AUGLÝSINGAR:

22480

SHARP GÆÐI Á GJAFVERÐI




Breidd 540 mm. Hæð 138 mm. Dýpt 397 mm.
Hátalarar: Breidd 230 mm. Hæð 375 mm. Dýpt 193 mm.

SG-270H

Meiriháttar

sterió samstæða
3 tæki í einu,

með hátölurum í vinsæla
„silfur“ útlitinu.



METAL
Stilling fyrir
metal kassettur

APSS
Sjálfvirkur
lagaveljari.

Leitar að
réttu laginu.

Verð kr.: **5.225**

 fyrir betri
DOLBY upptökur.

Útgangsorka
2×32 Wött (MPO)



HLJÓMTÆKJADEILD

KARNABÆR

LAUGAVEGI 66 SÍMI 25999

Útsölustaðir: Karnabær Glæsibæ — Fataval Keflavík —

Portið Akranesi — Eplið Ísafirði — Álfróll Siglufirði — Cesar Akureyri —
Hornabær Hornafirði — Eyjabær Vestmannaeyjum — M.M. h/f. Selfossi.
Patróna Patreksfirði